

Kveðið og sungið við kaffi kveðskapur - samsöngur

Í kaffiteríunni í Gerðubergi verða íslensk alþýðulög sungin og kveðin kl 14-16 á sunnudegi um miðjan mánuð fram á vor. Chris Foster heldur utan um söngstundirnar. Hér gefst fólki tækifæri til að hittast, kveða og syngja saman og hvert fyrir annað,

Útbúin verða sönghefti fyrir hverja söngstund og hefur hver sitt þema.

- 17. janúar er fastsettur. Vetrarþema.
- Febrúar. Þá er Valentínusardagur og því verður áherslan á ástarsöngva.
- Mars verður með blandi af skoskri og írskri tónlist, þá er Saint-Patreksdagurinn.
- Í apríl. er sumardagurinn fyrsti, þá verðum við með sól í hjarta og söng í sinni.
- Í maí verður vonandi búið að ná saman einhverjum hópum af erlendum uppruna sem gætu troðið upp.

Nánari dagsetningar verða auglýstar á nýju ári.

Fundir og kvæðalagaæfingar

Fundarstaður Iðunnar er Gerðuberg, hinn sami og verið hefur að undanfögnu. Kvæðalagaæfingar fara fram á neðri hæð Gerðubergs en almennir skemmtifundir á efri hæðinni í stóra salnum. Bæði fundir og æfingar hefjast klukkan 20:00 og lýkur venjulega um 22:30. Félagsmenn eru hvattir til að taka með sér gesti á fundina og æfingarnar líka, svo að sem flestir fái að kynnst því sem þar fer fram.

1	6. janúar, miðvikudagur 8. janúar, föstudagur	kvæðalagaæfing (niðri) fundur (uppi)
2	3. febrúar, miðvikudagur 5. febrúar, föstudagur	kvæðalagaæfing þorrafundur
3	3. mars, miðvikudagur 5. mars, föstudagur	kvæðalagaæfing aðalfundur
4	7. apríl, miðvikudagur 9. apríl, föstudagur	kvæðalagaæfing fundur
5	5. maí, miðvikudagur 7. maí, föstudagur	kvæðalagaæfing lokafundur á vori



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

110. tölublað – 30. árgangur

Desember 2009

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

Jólin koma aftur

Alltaf koma þau aftur og aftur blessuð jólin. Sá heiðni siður, að halda skammdegishátíð, er á sínum stað hvað sem öllum trúarsetningum líður og tilgangur hans er vafalaust öðru fremur að lífga upp á sálartetrið. Áður fyrir höfðu jólin ekki fastan dag heldur voru háð gangi tunglsins. Á fullu tungli var auðveldara að komast ferða sinna og ekki verra að hafa kveikt á því þegar þurfti að bregða sér út til að pissa í miðri jólaveislu. Þær veislur snérust ekki um gjafir, heldur mat, drykk og dans. Síðar bættust við þær jólaskraut og jólakveðjur. Að senda jólakveðju er skemmtilegur siður, nema maður álíti það fúla skyldu að senda þeim kort sem sendu manni í fyrra. Eithvað má búast við að dragi úr tilstandinu þessi jólin, eða að fólk gleðjist fyrir minna og meti meira hugvit og útsjónarsemi en ónytsamlegt og dýrt dót. Bann við þeirri ódýru skemmtun að spila á spil á jölunum, þar sem skrattanum er skemmt, er hluti af þeim alvarleika sem ku hafa verið guði mjög þóknanlegur. Nú eru runnir upp nýir tímar á Íslandi þar sem skynsemin er vonandi í fyrirrúmi og fólk gleðst yfir litlu og minnst þess að maður er manns gaman.

Veistu ef þú vin átt,
þann er þú vel trúir,
og vilt þú af honum gott geta,
geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.

Gleðilega hátíð

Þuríður Guðmundsdóttir

Kvæðamál

Sannlega er sælt að geta
safnað mat
og mega alla ævi éta
á sig gat.

Ragnar Böðvarsson

Lykt og bragði fljótt verð feginn
fái ég spikfeitt hangiket.
Alltaf verð ég matarmeginn
meðan andann dregið get.

Jói í Stapa

Helst af brauði að hafa vel.
Hangikjöt að sjóða.
Læri steik og lögg á pel.
Laufabrauðið góða.

Ingi Heiðmar Jónsson

Dimmur vetur, döpur þjóð
og draugar ráfa um svið.
Birtir samt ef lítið ljóð
er lesið kerti við.

Ragnar Böðvarsson

Um jólin víða vegi fór
vestur, suður, austur,
streymdi þá frá klerki og kór
kærleikurinn traustur.

Bjargey Arnórsdóttir

Þjónar Drottins þramma í kjól,
þruma úr pontu sérhver jól,
meðan háma heims um ból
hangikjötið íslensk fól.

Helgi Zimsen

Þegar sé ég fagra fönn
fylla laut og skjólin
jarðar stundum bíða bönn
björt þó lýsi jólin.

Bjarni Valtýr

Leið mun þessi langa raun
litlu bankasjólunum
að þeir fá víst engin laun
og ekkert dót á jólnum.

Ragnar Böðvarsson

Gírugt soltinn gleypir flest.
Göngu-móður feginn sest.
Lasinn heilsu í lengir mest.
Ljós í myrkri greinist best.

Helgi Zimsen

Bankaslys og brengluð tíð
birtu sparar sólin,
þó er að nálgast þægðin fríð
það eru blessuð jólin.

Bjargey Arnórsdóttir

Er láð í snjóalög er fært
og lágfleyg gerist sólin
trúarljósið ljómar skært
lýsir best um jólin.

Jói í Stapa

Vinir gleðjast, hafa hátt
á himni lækkar sólin.
Ljóðaharpa klingir kátt
koma bráðum jólin.

Guðný A. Valberg

Þó að taki vetur völd
vonir mun ei buga,
jólaföstu kyrrðin köld
kveikir ljós í huga.

Bjargey Arnórsdóttir

Sumir eru undarlega
iðnir við að mennta sig.
En þvílík iðja er allavega
ekki hentug fyrir mig.

Ragnar Böðvarsson

Á degi íslenskrar tungu

Nautatungu niður á brauð
næfurþunna saga,
svo mér þetta sjálfum bauð,
svangan fyllti maga.

Helgi Zimsen

Heims er geysar hríðin stíf
og hriktir í þankalínum,
megi inni ljós og líf
ljóma í húsum mínum.

Ingi Heiðmar Jónsson

Enn þá jólafögnuð finn
færast yfir sveitir.
Þó að strjúki kylja kinn
og kuldinn völdum beitir.

Verma sál í vetrarsnæ
og vekja gleði mína.
Jóla ljós um borg og bæ
blika, glitra, skína.

Ása Ketilsdóttir

Um mat á jólahlaðborði

Ei sem frat þar málin mat,
matur ratann hændi.
Svo varð at hann setti á fat,
sat og gat í spændi.

Helgi Zimsen

Úti er líkt og glitri gler,
geislar af þúfum smáum,
ljósið er að leika sér
í löngum sinustráum.

Bærisk ekki stráíð stakt,
stiklar blik um rjóður.
Guð hefur í lautir lagt
lágan hélugróður.

Sigrún Haraldsdóttir